

Ársskýrsla nefndar um dómarastörf

2018

Nefnd um dómarastörf starfar samkvæmt II og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt 13 formlega fundi á árinu, en ákvarðanir voru einnig teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda. Varamaðurinn Sigríður Ingvarsdóttir tók þátt í afgreiðslu eins erindis.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndinni bárust á árinu 65 erindi frá dómurum, tilkynningar um aukastörf, beiðnir um heimild til að gegna aukastarfi, tilkynningar um eignarhluti og beiðnir um heimild vegna eignarhluta.

Nefndin sendi nýskipuðum héraðsdómurum könnun 15. júní þar sem óskað var svara um aukastörf og eignarhluti. Allir dómararnir svöruðu innan tímafests. Tveimur héraðsdómurum sem ekki höfðu svarað könnun á síðasta ári voru sendar ítekanir 11. september og svöruðu báðir.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsathafnir. Nefndinni bárust þrjár slíkar kvartanir. Tveimur málum var vísað frá án frekari meðferðar, eitt mál fékk efnislega afgreiðslu og var lokið með áminningu.

Nefndinni bárust þrjár fyrirspurnir vegna aukastarfa fjögurra dómara, og ein fyrirspurn vegna eldra máls og birtingu álita.

Nefndin ítekaði 12. apríl erindi sitt til Kjararáðs frá 11. apríl 2017 þar sem farið var fram á leiðréttingu á launum nefndarmanna. Svar án fullnægjandi málalykta barst loksns með bréfi dagsettu 14. júní 2018, var það um það leyti sem Kjararáð var lagt niður. Nefndin sendi erindi til dómstólasýslunnar 18. september þar sem farið var fram á endurskoðun þóknunar nefndarinnar með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga nr. 50/2016. Ákvörðun dómstólasýslunnar var tilkynnt nefndinni með bréfi 16. nóvember.

Í samráði við dómstólasýsluna var unnið að reglum um birtingu skrár yfir aukastörf dómara og reglum um birtingu álita nefndarinnar. Fyrr nefndu reglurnar eru dagsettar 18. janúar 2018 og þær síðar nefndu 6. nóvember 2018.

Unnið var við vef nefndarinnar yfir aukastörf dómara og birtingu álita á vefnum og ýmsar endurbætur gerðar.

Samþykkt á fundi nefndar um dómarastörf 7. maí 2019.

Hjörðís Hákonardóttir formaður